

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2086/2002

frá 25. nóvember 2002

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 753/2002 um tilteknar reglur við beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar lýsingu, heiti, framsetningu og vernd tiltekinna vínafurða

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2585/2001⁽²⁾, einkum 53. og 80. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 753/2002⁽³⁾ er kveðið á um að tiltekinn tími skuli líða frá því að hún öðlast gildi og þar til hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2003, til að tryggja hlutaðeigandi rekstraraðilum og yfirvöldum að breyting frá fyrri reglum, sem er að finna í ýmsum reglugerðum ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um heiti og framsetningu á vínunum, yfir í nýju nákvæmu reglurnar um framkvæmd á reglugerð (EB) nr. 1493/1999 gangi snurðulaust fyrir sig.
- 2) Til að aðildarríkin fái meiri tíma til þess að uppfæra landslög, í kjölfar viðræðna milli hinna ýmsu yfirvalda sem málið varðar og milli þeirra yfirvalda og atvinnugreinarinnar, og til þess að rekstraraðilar verði ekki fyrir óþægindum vegna ráðstafana sem öðlast gildi 1. janúar 2003, þ.e. á miðju núverandi vínári, og til að veita tilteknum þriðju löndum nauðsynlegar upplýsingar um

hina nýju reglugerð, skal fresta því til upphafs næsta vínárs að reglugerð (EB) nr. 753/2002 komi til framkvæmda.

- 3) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 753/2002 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 753/2002 er breytt sem hér segir:

- a) Í fyrstu undirgrein 2. mgr. 47. gr. komi „31. júlí 2003“ í stað „31. desember 2002“.
- b) Í annarri málsgrein 49. gr. komi „1. ágúst 2003“ í stað „1. janúar 2003“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. nóvember 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 345, 29.12.2001, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 118, 4.5.2002, bls. 1.